

Ed.

907. Breytingartillaga

[254. mál]

við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Stefáni Jónssyni.

Upphaf 6. gr. orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna. Fjórir skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Aðra skipar ráðherra til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Einn skal tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega einn fulltrúa o. s. frv.